

5. bekkur

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru **grunnþættir menntunar** eftirfarandi:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun

Leitast er við að tengja grunnþætti menntunar inn í nám og kennslu á sem fjölbreyttastan hátt. Hægt er að nálgast upplýsingar um hvern þátt fyrir sig á heimasíðu Lindaskóla: <http://lindaskoli.is/grunnthaettir-menntunar/>

Rík áhersla er lögð á **lykilhæfni** og er hún hluti af náminu. Nemendur þurfa því að huga að lykilhæfni í öllum námsgreinum. Það sem er metið eru vinnubrögð, virkni í hópastarfi, frumkvæði o.s.frv. Í aðalnámskrá grunnskóla er lykilhæfni skipt í fimm hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Íslenska

Tímafjöldi á viku: 7 kennslustundir

Kennari: Auðbjörg Njálsdóttir og Sigurborg Eiríksdóttir

Námsefni

Orðspor 1 les- og vinnubók; *Ása Marín Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir*, Málrækt 1; *Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir*, Óðinn og bræður hans; *Iðunn Steinsdóttir*, Flökkuskinna; *Edda Pétursdóttir og Þórdís Gísladóttir*, Óboðnir gestir lesbók; *Sigrún Eldjárn*, Óboðnir gestir vinnubók; *Björg Þorvaldsdóttir*, Fyrsti smellur; *Ása Marín Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir*, Litlu landnemarnir; *Iðunn Steinsdóttir* og ýmis ljósrituð verkefni. Námsvefir á netinu.

Kennsluaðferðir

Íslenskan er kennd sem heildstæð námsgrein og gjarnan samþætt við aðrar námsgreinar. Stafsetning og málfræði tvinnast inn í ritaðan texta nemenda. Eins er lögð mikil áhersla á yndislestur, bæði heima og í skóla. Nemendur hafa aðgang að bókasafni. Nemendur lesa a.m.k. þrisvar sinnum í viku í skólanum og fimm sinnum í viku heima. Einnig lesa þeir upphátt fyrir kennara. Þá er samlestur í öðrum námsgreinum og ýmis lesskilningsverkefni. Lestraráttak tvisvar yfir árið.

Í ritun vinna nemendur valin verkefni t.d. lýsingar, úrdrætti og sögur. Nemendur hlusta á *Óðinn og bræður hans* í skólanum og vinna verkefni. Stafsetning er fléttuð inn í aðra íslenskukennslu. Nemendur læra helstu málfræðireglur og vinna verkefni tengd þeim.

Í framsögn æfa nemendur sig að koma fram fyrir framan bekkinn. Þeir lesa texta, segja frá atburðum, flytja ljóð og margt fleira. Fjallað er um íslensk ljóðskáld í máli og myndum. Nemendur skrifa upp valin ljóð og myndskreyta.

Vefsíður nýttar í kennslu t.d. Miðbjörg á mms.is ásamt öðru efni sem þar er að finna sem og verkefni á skolavefurinn.is.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið. Nemandinn:
<p><u>Talað mál, hlustun og áhorf</u> Framsögn, upplestur, flutningur, hlustun, skýr framsetning, leiklestur, bekkjarfundir</p> <p><u>Lestur og bókmenntir</u> Yndislestur, víxllestur, lesskilningsverkefni, lestrarbækur, goðafræði, ljóð, ljóðagerð, orðabókaleit og notkun miðla</p> <p><u>Ritun</u> Sögugerð (upphaf, miðja, endir) og úrdrættir. Helstu stafsetningarreglur (stafrófsröð, sérhljóðar og samhljóðar, stór stafur og lítill stafur, reglan um ng og nk, n-nn í endingu orða, einfaldur og tvöfaldur samhljóði, y-ý orð, samsett orð). Skrift <u>Málfræði</u></p>	<ul style="list-style-type: none">• þjálfist í að tjá sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum, reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu ef einhver vandamál koma upp og geti rökstutt hana• þjálfist í að flytja undirbúnaðar eigin frásagnir, verkefni og lýsa ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi• þjálfist í að tjá skoðanir sínar fyrir framan bekkinn• þjálfist í að hlusta á upplestur og skoðanir bekkjarfélaga• öðlist góðan lesskilning, nái upp góðum lestrarhraða og lesi af öryggi• geti lesið áheyrilega og með tilfinningu fyrir efninu,• geti lesið ólík fyrirmæli og farið eftir þeim• þjálfist í að beita nákvæmnislestri og leitarlestri og geti greint aðalatriði frá aukaatriðum• æfist í að velja sér bækur af bókasafni• þekki til nokkurra íslenskra rithöfunda sem skrifað hafa bækur fyrir börn og unglínglinga• þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok• kynnist ljóðum eftir íslenska höfunda frá ýmsum tímum• þekki hugtökin rím, ljóðstafi, líkingar og persónugervingar• skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang

Nafnorð (sérnöfn, samnöfn, kyn, tala, fallbeyging, greinir og stofn, samsett orð)	<ul style="list-style-type: none"> • þjálfist í að skrifa stuttan texta eftir ákveðnum fyrir mælum • þekki hugtökin, upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau í eigin skrifum
Lýsingarorð (fallbeyging, stigbreyting)	<ul style="list-style-type: none"> • þjálfist í staðreyndaritun, t.d. geri úrdrætti • læri stafsetningarreglur og get nýtt sér þær við ritun
Sagnorð (nafnháttur, nútíð, þátíð)	<ul style="list-style-type: none"> • geti skrifað upp réttan texta eftir bók og upplestri • þekki nafnorð (sérnöfn, samnöfn, kyn og tölu) og geti fallbeygt þau
Samheiti, andheiti	<ul style="list-style-type: none"> • þekki lýsingarorð, föll þeirra og fallbeygingu og geti stigbreytt þau
Málshættir og orðatiltök	<ul style="list-style-type: none"> • þekki sagnorð, hjálparorðið að, nafnhátt sagna, nútíð þeirra og þátíð • þekki samheiti og andheiti • þekki málshætti og föst orðasambönd í mæltu og rituðu máli á réttan hátt

Námsmat

Símat. Vinnubækur og hópverkefni. Hraðlestrar-, stafsetningar- og lesskilningspróf. Ýmis verkefni metin út frá hæfniviðmiðum.

Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir

Kennari: Auðbjörg Njálsdóttir og Sigurborg Eiríksdóttir

Námsefni

Stika 1a og 1b, Stika 1a og 1b æfingahefti; *Bjornar Alseth, Gunnar Nordberg og Mona Rosseland*,

Kennsluaðferðir

Viðfangsefni bókana Stiku 1a og 1b tekið fyrir. Hver nemandi vinnur á sínum hraða. Samvinna og einstaklingsvinna. Í hringekjum leysa nemendur þrautir, spila og vinna verkefni í spjalddölvum. Unnið eftir hæfniviðmiðum.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Heilar tölur Tölfræði Tugabrot Rúmfræði Mælingar Almenn brot Margföldun og deiling Mynstur	<ul style="list-style-type: none">• öðlist skilning, kunnáttu og færni sem nýtist þeim í daglega lífinu• geri sér grein fyrir hvað felst í því að mæla og átti sig á stöðluðum mælieiningum• efli skilning sinn á hinum ýmsu reikniaðgerðum og geti notað þær við að leysa ólík verkefni• þjálfist í að nota fleiri en eina leið við útreikninga og geti fært rök fyrir máli sínu• vinni með almenn brot, hnitakerfið og vasareikni á fjölbreyttan hátt

Námsmat

Ýmsar kannanir yfir skólaárið og ýmis verkefni metin út frá hæfniviðmiðum.

Enska

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Kennari: Auðbjörg Njálsdóttir og Sigurborg Eiríksdóttir

Námsefni

Yes we can 5; *Mie Schrøder, Louise Holst, Tollan Ellen, M. Tudor Edwards, Mona Evelyn Flognfeldt og Elisabeth Moen* Enskar málfræðiæfingar A; *Barbro Carlsson og Lena Sjöholm, Hickory og Dickory; Jan Sundström, Ann Robinson – Ahlgren*. Námsefni og myndbönd af netinu.

Kennsluaðferðir

Lestur, hlustun, áhorf, ritun og tjáning.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Lesið og talað mál, málfræði, orðaforði, hlustun og skilningur.	<ul style="list-style-type: none">• kynnist enskri tungu, bæði tal- og ritmáli• vinni markvisst með orðaforða og læri að tjá sig með einföldum setningum• skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku• læri nokkrar grundvallarreglur í málfræði• geti lesið, skrifað og hlustað á einfaldan texta• þjálfist í réttri stafsetningu einfaldra orða

Námsmat

Símat. Verkefni metin út frá hæfniviðmiðum.

Samfélagsfræði

Tímafjöldi á viku: 5 kennslustundir

Kennari: Auðbjörg Njálsdóttir og Sigurborg Eiríksdóttir

Námsefni

Leifur Eiríksson – á ferð með Leifi heppna; Víkingaöld 800-1050; *Sigrún Helgadóttir*, Ísland – hér búum við, lesbók og verkefnabók; *Hilmar Egill Sveinbjörnsson*, Kortabók handa grunnskólum; *ritstjórar Tryggvi, Jakobsson og Sigrún Sóley Jökulsdóttir*, Ég er bara ég; *Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson*, Námsvefir á netinu; 123skoli.is, mms.is (Leifur heppni – vefur um víkinga), Myndefni af netinu.

Kennsluaðferðir

Samfélagsfræði og náttúrufræði verða kennd sem samþætt námsefni.

Landafræði: Nemendur læra um Ísland. Lestur og hlustun í skóla og heima. Nemendur kynna sér landshluta og vinna hóp- og einstaklingsverkefni því tengdu. Kortabók og spjaldtölvur nýttar í kennslu.

Saga: Nemendur læra um Leif heppna og víkingaöldina. Lestur og hlustun í skóla og heima. Hóp- og einstaklingsverkefni.

Trúarbragðafræði: Ásatrú tengd við sögu Íslands. Hóp- og einstaklingsverkefni.

Lífsleikni: Nemendur kynnast í gegnum námsefni ólíkum einstaklingum í grunnskóla og læra þannig um gildi hvers og eins. Lestur, umræður og áhorf myndefnis. Bekkjarfundir, kynjaskiptir fundir og hópeflisleikir til að efla jákvæð samskipti og bekkjarbrag.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
<u>Saga:</u> Leifur Eiríksson og víkingaöld	<ul style="list-style-type: none">kunni skil á landnámi Íslandskynnist lífsháttum landnámsmanna á fjölbreytilegan hátt

Mannlíf, lífsbjörg og siðir víkinga á tímum landafunda á Íslandi, Grænlandi og Vínlandi.

Landafræði:

Landafræði Íslands

Kort og kortalestur, jarðskjálftar, jarðsaga Íslands, rof, breytingar á umhverfi, náttúruvernd, auðlindir, landshlutar og ferðalög.

Trúarbragðafræði

Ásatrú

Lífsleikni

- þekki kristnitöku á Íslandi
- kynnist víkingatímanum.
- læri að lesa á landakort
- þekki ýmis kennileiti á Íslandi
- kynnist náttúruöflunum sem móta landið og hvernig þau hafa áhrif á búsetu og líf landsmanna
- afli sér upplýsinga um náttúruauðlindir Íslands
- sýni fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Borið umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi
- geti borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta
- auki sjálfsábyrgð sína og þroska
- fái þjálfun í að tjá hugsanir sínar og skoðanir frammi fyrir bekknum
- geri sér grein fyrir að líkamleg og andleg vellíðan byggir á heilbrigðum lífsvenjum, líkamsrækt og hollum neysluvenjum
- tileinki sér skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra
- geti sýnt sanngirni, virðingu, tillitssemi og umhyggju
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum

Námsmat

Samfélagsfræði: Símat yfir veturinn, hópavinna og verkefnabækur. Verkefni metin út frá hæfniviðmiðum.

Náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Kennari: Auðbjörg Njálsdóttir og Sigurborg Eiríksdóttir

Námsefni

Náttúrufræðin er kennd sem hluti af samþættingu við samfélagsfræði.

Auðvitað – jörð í alheimi; *Helgi Grímsson*, Náttúrulega 1 – Lesbók og verkefnabók; *Halldóra Lind Guðlaugsdóttir*, *Telma Ýr Birgisdóttir* og *Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir*. Námsefni og myndefni af netinu.

Kennsluaðferðir

Lestur og hlustun í skóla og heima. Verkefni unnin. Nemendur framkvæma tilraunir í litlum hópum.

Nemendur vinna í spjaldtölvu ýmis verkefni.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
<u>Eðlisfræði</u> Sólin okkar, reikistjörnurnar átta, Sporbaugur, Stjörnuhiminninn, stjörnumerki, Óríon, Pólstjarnan, Geimferðir og erum við eini í alheiminum? Jörð og tungl, myndun Íslands, landmótun, innri og ytri öfl, hafið, lofthjúpurinn og veðrið og loftslag á Íslandi	<ul style="list-style-type: none">• læri markviss vinnubrögð við framkvæmd athuganna og tileinki sér nákvæmni og vandvirkni• fræðist um reikistjörnurnar og fastastörnur• læri um geimferðir• kynnist ólíkum náttúruhamförum og hvernig ber að bregðast við slíku• kynnist ýmsu u, lofthjúpinum og loftslagið á Íslandi• sýni ábyrgð á jörðinni og geri sér grein fyrir sérstöðu hennar
<u>Líffræði</u>	<ul style="list-style-type: none">• geti gert einfaldar veðurathuganir• kynnist náttúru og lífríki Íslands

Náttúra Íslands - fuglar	<ul style="list-style-type: none">• kynnist íslenskum fuglum og búsvæðum þeirra
--------------------------	---

Námsmat

Símat yfir veturinn. Verkefni metin út frá hæfniviðmiðum.

Íþróttir og sund

Tímafjöldi á viku: 3 stundir

Kennari: Haukur Már Ólafsson, Lilja Íris Gunnarsdóttir og Vilhelmína Þór Óskarsdóttir.

Námsefni

Kennsluáferðir

Íþróttá- og sundkennslan byggist á að efla líkams- og félagsþroska barna. Hreyfipörf barna er mikil og í íþróttá- og sundtímum fá þau útrás fyrir hreyfipörfinni, tjáningu og sköpun. Eitt aðalmarkmið íþróttá- og sundkennslu er að auka þol, kraft, snerpu og liðleika og verður það gert með almennri hreyfipjálfun með áherslu á leiki, stöðvápjálfun, hringþjálfun og hreyfitjáningu með dansi. Taka þátt í knattleikjum og kynnast helstu reglum. Lítillega er unnið í grunnæfingum fyrir þol- og styrktarþjálfun og er aðallega unnið að því að nemendur tileinki sér rétta tækni. Hreinlæti er nauðsynlegur þáttur í íþróttum þar sem farið er yfir mikilvægi þess. Mikilvægt er að allir fari í sturtu eftir hvern tíma.

Áætlun

Efnisþættir	Nám sviðið Nemandinn:
Íþróttir: Barnaleikir Grunnþjálfun Fimleikar Frjálsar íþróttir Knattleikir Badminton Dans Útikennsla	<ul style="list-style-type: none">• efla líkams- og félagsþroska.• auki þol, kraft, snerpu og liðleika.• efla tjáningu og sköpun.• efla grunntækni.• auka hugmyndaflæði og notkunargildi spjaldtölvunnar til að efla líkamshreysti.
Sund: flot á kvið og baki, rennsli á kvið og baki	<ul style="list-style-type: none">• Að nemandi geti synt 75 metra bringusund• Að nemandi geti synt 25 metra skólabaksund

öndunar- og taktæfingar bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund og flugsundsfótatök marvaði, köfun og undirbúningur fyrir björgunarsund stunga frá bakka og kafsund	<ul style="list-style-type: none"> • Að nemandi geti synt 25 metra skriðsund með/án sundfita • Að nemandi geti synt 12 metra baksund • Að nemandi kunni stungu af bakka • Að nemandi geti kafað eftir hlut á 1-2 metra dýpi • Að nemandi geti troðið marvaða í 20-30 sekúndur • Að nemandi geti synt 10 metra flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja • Að nemandi kynnist sundþjálfun í fatnaði
---	--

Námsmat

Íþróttir: Námsmat í færni: liðleiki , kraftur (langstökk án atrenu), hraði (20 m sprettur), samhæfing (sippa í 1 mín) og þol (safna gulli).

Sund: Námsmat í færni: Tæknisund.

Námsmat í íþróttum og sundi byggist á símati kennara allan veturinn: hegðun, virkni, íþróttaföt og mæting. Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámskráar og gefin er sér lokaekinnun í íþróttum og sundi í bókstöfum að vori.

Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: Fléttað inn í aðrar námsgreinar og aðra kennslu.

Kennari: Auðbjörg Njálsdóttir og Sigurborg Eiríksdóttir

Námsefni

Google Suite, myndvinnsluforrit, frjáls hugbúnaður, öpp, fingrasetning, netið og fleiri forrit sem henta námi nemanda hverju sinni.

Kennsluáferðir

Sýnikennsla, verklegar æfingar, sjálfstæð vinnubrögð og samvinna. Nemendur læra að nota mismunandi forrit og skila niðurstöðum með miðlum upplýsingatækninnar. Nemendur læra að nýta hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt, sem eykur rökhugsun, sköpun og skilning á hvernig hugsun er spegluð yfir á tæknina. Verkefni og námsáætlanir eru aðgengileg á Google Classroom.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Vinnulag og vinnubrögð Upplýsingaöflun og úrvinnsla Tækni og búnaður Sköpun og miðlun Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none">• nýti upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.• noti rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.• sýni frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.• geri sér grein fyrir ólíkum áferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.• beiti undirstöðuatriðum í fingrasetningu.• geti leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.• nýti sér rafrænt og gagnvirkt námsefni.• vinni með heimildir.• nýti upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.

	<ul style="list-style-type: none">• nýti hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.• noti hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.• noti einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu.• nýti hugbúnað við einfalda vefsmíð.• geti lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.• noti hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.• sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga.• fari eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.
--	---

Námsmat

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því.

Námsmat er alhliða og nær til allra færniþátta, endurspeglar hæfniviðmið og viðfangsefni. Metin er hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Nemandi fær leiðsögn alls þess fagfólks, sem að kennslunni kemur. Þeir sem að kennslu hans koma gefa umsögn um stöðu nemandans við að ná markmiðum sínum innan námsgreinarinnar og hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.

Textílmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku ½ veturinn

Kennari: Hanna Rut Heimisdóttir

Námsefni

Stuðst er við efni frá kennara ásamt ítarefni af veraldarvefnum. Einnig verður stuðst við verkefni af vef Menntamálastofnunar - Textílmennt námsvefur. Að auki verða hin ýmsu hannyrða- og textílblöð nýtt eftir hentugleika.

Kennsluaðferðir

Í textílmennt er leitast við að notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Dæmi um kennsluaðferðir eru;

- verkleg kennsla þar sem nemandi fær þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum og eflingu í leikni.
- þrautalausnir þar sem áhersla er lögð á rökhugsun, skipulag, sjálfstæði, gagnrýna hugsun og áræðni.
- sjálfstæð, skapandi viðfangsefni þar sem áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, frjóa og skapandi hugsun og hugmyndavinnu.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið. Að nemandinn:
Aðferðir	
Áhöld	<ul style="list-style-type: none">○ geti þrætt saumavélar
Efnisfræði	<ul style="list-style-type: none">○ geti þekkt eiginleika saumavélar
Fjölbreytni	<ul style="list-style-type: none">○ geti unnið eftir leiðbeiningum
Snið	<ul style="list-style-type: none">○ geti skreytt eigið textílverk
Uppskriftir	<ul style="list-style-type: none">○ geti unnið textílverk til hagnýtingar
Hugmyndir	<ul style="list-style-type: none">○ geti komið auga á fegurð í eigin verkum
Ferlar	<ul style="list-style-type: none">○ geti notað internetið til að afla upplýsinga
Skreytingar	<ul style="list-style-type: none">○ geti áttað sig á náttúru efni og gervi
Hagnýting	<ul style="list-style-type: none">○ geti sett textíl í sögulegt samhengi
Fagurfræði	<ul style="list-style-type: none">○ geti nýtt gömul textílverk til endurnýtingar
Upplýsingar	<ul style="list-style-type: none">○ geti breytt gömlum textíl í nýtt
Hráefni	
Saga	

Sjálfbærni Náttúra Gervi Samfélag Endurnýting	
---	--

Námsmat

Lokamat byggir á vinnusemi, jákvæðni, áhuga, framkomu og hvernig nemandi gengur að fylgja fyrirmælum. Stuðst er við leiðsagnarmat og símat.

Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

Kennari: Ragnhildur Róbertsdóttir

Námsefni

Notað er efni frá kennara. Einnig valdir kaflar úr bókunum *Myndmennt 1 og 2*, höfundar Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergsdóttir og Sólveig Helga Jónsdóttir og *Listasaga frá hellalist til 1900*, höfundar Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage, útgefið af Námsgagnastofnun. Ásamt þessu notum við ýmsar listaverkabækur, netsíður (t.d. Listavefurinn.is), barna- og fræðibækur við vinnu okkar.

Kennsluaðferðir

Í einni kennslustund eru notaðar ýmsar kennsluaðferðir. Við innlögð verkefna er notast við útlistunarkennslu og einnig umræður og spurnaraðferð. Þegar kemur að verklegum æfingum er notast við leitaraðferð við hugmyndavinnu en einnig notuð bein kennsla með áherslur á að virkja skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð. Spjaldtölvur eru notaða í hugmyndavinnu og við úrvinnslu sumra verkefna.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• geti á skipulagðan hátt unnið með ólík efni og verkfæri við sköpun sína• geti unnið með ólíkar aðferðir við myndsköpun sína.• geti sýnt ólíkar tilfinningar í myndgerð sinni• geti komið hugmynd sinni í skissuform á leið sinni í að útfæra lokaverk
Skoðanir	
Tilfinningar	
Reynsla	
Hugmynd	
Listsköpun	
Hugmyndavinna	

Ímyndun	<ul style="list-style-type: none"> • geti unnið með ímyndun og reynslu við listsköpun sína • geti notað hugtök og heiti í samtölum sínum við vinnu sína • geti tekið þátt í samtali um ólíkar stefnum og stíla í tengslum við verkefni
Rannsókn	
Hugtök	
Aðferðir	
Samtal	
Stefnur	
Stílar	
Greining	
Myndmál	
Tilgangur	
Sjálfbærni	

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, hvernig færni hans og leikni er, hvort hann sýni áhuga á náminu og vinnusemi í tímum. Verkefni nemenda eru metin hvort þau séu vel unnin, vel útfærð, frumleg og metnaðarfull.

Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: 2 (hálfan veturinn.)

Kennari: Davíð Ketilsson

Námsefni

Verkefna og hugmyndablöð, fagbækur, handverkfæri, mælitæki, smíðaefni og efni til yfirborðsmeðhöndlunar.

Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla. Kennslan er einstaklingsmiðuð.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hönnun	<ul style="list-style-type: none">• geti dregið upp mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni• þekki helstu smíðaefni, uppruna og notagildi þeirra.• geti valið vélar, handverkfæri og mælitæki sem hæfa hverju verkefni.• geti notað samsetningar s.s. lím, nagla og skrúfur.• geti hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa• verði meðvitaður um hættuleg efni, efnisnýtingu og endurvinnslu• geti notað réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað• geti sýnt vinnufélögum tillitsemi og sé meðvitaður um góða umgengni
Tré	
Málmur	
Plast	
Handverkfæri	
Efnisnýting	
Meðferð yfirborðsefna	
Umgengni	

Námsmat

Símat með áherslu á: Hugmynd og hönnun, iðni og afköst, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni. Gefið er í bókstöfum.

Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: 80 mínútur á viku – hálfan veturinn hver hópur

Kennari: Erla Sigurbjartsdóttir

Námsefni

5. bekkur : Heilsa og lífstíll sem er vinnuhefti sem kennari tók saman. Þar er farið í helstu þætti næringarfræðinnar, 6 H heilsunnar, fæðuhringinn og almennan lífstíl.

Kennsluaðferðir

Kennari útskýrir fyrir nemendum í upphafi tímans verkefni dagsins og fer yfir það á töflu og skjávarpa þar sem uppskrift er. Nemendum er síðan skipt í hópa þar sem þeir vinna saman 2 – 4 í hóp en það fer eftir hvert verkefnið er. Ef vinna á í vinnubók líka fer kennari yfir þær blaðsíður og útskýrir fyrir nemendum. Nemendur byrja síðan sína vinnu og kennari gengur á milli hópa og aðstoðar og útskýrir eftir þörfum.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Heilsa og lífstíll	<ul style="list-style-type: none">• fræðist um að svefn, hreyfing og mataræði séu mikilvægir þættir í heilbrigðum lífstíl• þekki flokka fæðuhringans og mikilvægi þeirra• þekki orkuefnin 3 sem eru fita, kolvetni og prótein og hlutverk þeirra• þekki helstu vítamínin og skiptingu þeirra í vatnsleysanleg og fituleysanleg• læri að að verkaskipting á heimilum er nauðsynleg• læri og þekki til almennra þrifa á heimili.
Fæðuhringurinn	
Næringarfræði	
Hreinlæti/tiltekt	
Helstu hráefni	
Læsi á uppskriftir	
Áhöld/mælitæki	
Vinnubrögð/leikni	
Samvinna	

<p>Slyshætta og öryggisatriði heimila</p> <p>Upplýsingamiðlun</p> <p>Flokkun</p> <p>Matarmenning</p>	<ul style="list-style-type: none"> • lærir hvað sé góður uppþvottur og hvernig verklag er á honum • þjálfist í að þekkja helstu hráefni sem notuð eru í bakstri og við eldamennsku • þjálfist í að lesa uppskriftir af blaði og geti minnkað og stækkað uppskriftir • þekki helstu áhöld og mælitæki sem notuð eru við eldhússtörf • þjálfist í að flysja, rífa, saxa, skera og sjóða • þjálfist í að vinna sjálfstætt við verkefni • lærir að vinna með öðrum og að samvinna sé mikilvæg • lærir um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir slys á heimilum • lærir að lesa úr næringarefnaöflu • lærir hvernig á flokka sorp • fræðist um lífræna flokkun • temji sér góða borðsiði
--	---

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum úr Aðalnámsskrá grunnskólanna. Einnig eru vinnusemi og vinnubrögð metin ásamt frágangi og framkomu.

Tónmennt

Tímafjöldi á viku: 2

Kennari: Sophia Luise Kistenmacher

Námsefni

Tóndæmi, glærur og námsefni á vef.

Skólahljóðfæri og tónlistarforrit í spjaldtölvu.

Valin dæmi og verkefni úr bókum:

-Guðfinna Dóra Ólafsdóttir (1995). *Það er gaman að hlusta – á hermitónlist*. Reykjavík:

Námsgagnastofnun

-Esther M. Morgan-Ellis. *Resonances. Engaging music in its cultural context*. University of North Carolina University Press.

Kennsluaðferðir

Notast verður við stutta fyrirlestra og sýnikennslu með sjónrænu og hljóðrænu efni. Áhersla verður lögð á verklegar æfingar, samræður, tjáningu í gegnum tónlist og hreyfingu. Einnig vinna nemendur í hópum að upplýsingaöflun og kynningum og spreyta sig í tónsköpun með mismunandi aðferðum.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hlustun Sköpun Tjáning Flutningur Tónlistarsaga	<ul style="list-style-type: none">greini og velji hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustungeti greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hanageti greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirnibeiti eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra

- | | |
|--|---|
| | <ul style="list-style-type: none">• geti tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það• Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk.• Greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr. |
|--|---|

Námsmat

Símat og endurgjöf fyrir þátttöku í tímum, samvinnu og frumkvæði í verkefnum og vinnubrögð.

Sjálfstætt áhugasviðsverkefni og önnur stærri verkefni eru metin sér.